

Dalagisting ehf. Aðalfundur 2022

Mánudaginn 27. júní 2022 var haldinn aðalfundur Dalagistingar ehf. í stjórnsýsluhúsinu í Búðardal hófst hann kl. 13:07.

Á fundinn voru boðaðir fulltrúar hluthafa. Hluthafar eru Dalabyggð (72,69%), Búnaðarfélag Hvammsfjarðar (7,75%), Flugleiðahótel ehf. (7,57%), Búnaðarfélag Miðdala (6,64%) Búnaðarfélag Laxárdals (3,32%) og Búnaðarfélag Hörðudals (2,03%).

Mætt voru: Eyjólfur Ingvi Bjarnason (fulltrúi Dalabyggðar), Tryggvi Guðmundsson (fulltrúi Flugleiðahótel), Garðar Freyr Vilhjálmsson, Guðlaug Kristjánsdóttir og Kristján Sturluson.

Eyjólfur Ingvi Bjarnason formaður stjórnar stýrði fundi.

Dagskrá fundarins er samkvæmt samþykktum félagsins (14. gr.):

1. Stjórn félagsins skýrir frá hag félagsins og rekstri þess á liðnu starfsári.

Haldnir voru níu stjórnarfundir á árinu. Fasteignir félagsins voru leigðar út á árinu til loka september.

2. Efnahags- og rekstrarreikningur félagsins fyrir liðið starfsár lagðir fram.

Stjórn félagsins samþykkti ársreikning fyrir 2021 á fundi sínum 10. mars sl. og vísaði honum til aðalfundar.

Tekjur á árinu 2021 námu kr. 4.356.455, rekstrargjöld kr. 6.424.717. Rekstrartap var kr. 2.068.262 og tap ársins kr. 2.624.652.

Skuldir og eigið fé var samtals kr. 58.097.619. Handbært fé nam kr. 4.320.240 og lækkaði um kr. 965.600 milli ára.

Ársreikningurinn staðfestur.

3. Kjör stjórnar og endurskoðenda.

a) Í stjórn voru kjörin:

Eyjólfur Ingvi Bjarnason

Garðar Freyr Vilhjálmsson

Guðlaug Kristjánsdóttir

Guðmundur Gunnarsson

Þuríður Jóney Sigurðardóttir

b) Í varastjórn voru kjörin:

Fyrsti varamaður Ingibjörg Þórunna Steinudóttir og Sigursteinn Hjartarson annar varamaður.

c) Endurskoðendur.

Samþykkt að kjósa ekki endurskoðendur fyrir félagið en í stað þess voru Skúli Hreinn Guðbjartsson og Einar Jón Geirsson kjörin skoðunarmenn og til vara Jóhanna María Sigmundsdóttir og Jón Egill Jónsson.

Samþykkt samhljóða.

4. Tekin ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað eða tap og um arð og framlög í varasjóð.

Tillaga um að ekki verði greiddur út arður.

Tillagan samþykkt.

FG

ESB

R1
GFV

5. Ákvörðun um greiðslur til stjórnarmanna fyrir störf þeirra á starfsárinu.
Þóknun stjórnarmanna verði kr. 5.000 fyrir hvern setinn fund í fjarfundi og kr. 15.000 fyrir staðfundi. Framkvæmdastjóri fái sömu þóknun og stjórnarmenn.
Samþykkt samhljóða.
6. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.
Engin önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:22.

Fundargerð ritaði Kristján Sturluson.


Eyjólfur Ingvi Bjarnason


Garðar Freyr Vilhjálmsson


Guðlaug Kristjánsdóttir


Tryggvi Guðmundsson


Kristján Sturluson